

Bókagjöf frá fyrrverandi nemanda



Grunnskóli Snæfellsbæjar fékk afhenta bókargjöf um síðustu helgi þegar Brimrún Birta Friðbjófsdóttir og Viktor Ingi Guðmundsson færðu skólanum nýútkomna bók sína Gullni hringurinn sem er bráðskemmtileg og falleg íslensk myndasaga. Brimrún Birta er fædd og uppalin í Snæfellsbæ, Rífsari eing og hún

segir sjálf og gekk eins og áður segir í GSNB. Skrifar hún falleg orð til skólans síns og nemenda hans inn í bókina þar sem hún segir það meðal annars heiður sinn að bókinni þeirra fái að vera á bókasafninu og hvetur nemendur til þess að elta drauma sína. Hugmyndina að því að færa skólanum gjöf sagði Brimrún Birta vera

komna frá Gunnhildi Kristnýju Hafsteinsdóttur og hjálpaði hún Brimrúnu Birtu að hafa samband við skólann og skipuleggja.

Brimrún Birta og Viktor vinna bæði hjá tölvuleikjafyrirtækinu Myrkur Games, Viktor sem tónskáld og Brimrún Birta sem karakterteiknari og er þetta fyrsta myndasaga þeirra. Brimrún og Viktor eru bæði menntuð í sínu fagi. Brimrún var árið 2017-2018 í Kanada þar sem hún var á teiknánámskeiði fyrir tölvuleikja gerð. Hún færði sig svo til Bretlands þar sem hún lærði "concept art" eða hugmyndateikningu árið 2018-2019. Hún var svo í starfsnámi hjá Myrkur Games og ráðin í fullt starf hjá þeim að starfsnámi loknu og tók sér því pásu frá námi vegna Covidsins. Viktor lagði stund á

tónsmíðanám bæði við Listháskóla Íslands og Berklee College of Music með áherslu á kvikmynd- og tölvuleikjatonlist og hefur hann starfað sem tónskáld hjá Myrkur Games síðan árið 2019.

Bókin sem gerist á Íslandi fjallar um systkinin Ágúst og Júlíu sem þurfa að ferðast Gullna hringinn til að bjarga sólinni. Eitt af því sem er svo skemmtilegt við söguna er að aftast í henni er farið yfir hvernig hún varð til þannig að lesendur fá innsýn í ferlið sem varð til þess að sagan varð til en hugmyndin að bókinni varð til fyrir mörgum árum en það var ekki fyrr en í Covidinu sem þau létu verða af því að framkvæma hana.

þa

Saunahús við sundlaugina



Íbúar Snæfellsbæjar og gestir geta glaðst yfir nýrri viðbót í Sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík en þar er kominn nýr saunaklefi. Klefinn er lítill kofi sem er staðsettur á útisvæði sund-

laugarinnar. Saunaklefar í sundlaugum um land allt eru oft á tíðum þétt setnir og ekki nokkur vafi á að klefinn í Ólafsvík muni njóta sömu vinsælda.

sj



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímamantanir í síma 436-1111

Sæmundur er höfundur árbókar FÍ

Árbók Ferðafélags Íslands er komin út, sú 95. í röðinni. Í bókinni er sjónum beint að landsvæði hér í Snæfellsbæ sem um aldir hefur verið kallað Undir Jökli, svæðið frá Búðum að Ennisfjalli.

Höfundur bókarinnar er sagna- maðurinn Sæmundur Kristjánsson frá Rífi. Sæmundur þekkir svæðið undir Jökli betur en flestir og er útgáfa bókarinnar vegleg heimild um land og náttúru hér á þessu svæði.

Á heimasíðu Ferðafélags Íslands segir m.a. að Sæmundur Kristjánsson, fæddist á Hellissandi en ólst að mestu upp í Rífi. Hann starfaði í áratug sem hafnarvörður í Rifshöfn og síðar sem verkstjóri hjá sveitarfélaginu í mörg ár. Á níunda áratug síðustu aldar hóf Sæmundur að segja ferðamönnum til vegar um Snæfellsnesfjallgarð og allt svæðið undir Jökli og árið 2006 lauk hann svæðisleiðsögunámi. Menningarnefnd Snæfellsbæjar útnefndi Sæmund Snæ-

fellsbæing ársins 2016 fyrir skerf hans til kynningar á sögu og náttúru Snæfellsness. Sérkaflir er um náttúruna undir Jökli eftir Daníel Bergmann. Eins og Sæmundur á Daníel ættir að rekja til Snæfellsness og þekkir náttúrufar svæðisins vel, ekki síst fuglalífið. Hann er einnig höfundur langflesttra ljósmynda í bókinni.

Bókin er 263 blaðsíður með 224 myndum og 12 uppdráttum sem Guðmundur Ó. Ingvarsson dró upp. Bókin er litprentuð með heimildaskrá ásamt örnefna- og mannanafnaskrá. Í bókarlok er greint frá starfi FÍ og deilda þess á landsbyggðinni á árinu 2021. Ritstjóri árbókarinnar er Gísli Már Gíslason og ritnefnd skipa auk hans Eiríkur Þormóðsson og Guðrún Kvaran. Daníel Bergmann annaðist umbrot og myndvinnslu.

Árbækur Ferðafélags Íslands hafa komið út síðan 1928. Í bókunum er oftast lýsing á afmörkuðu svæði og sögulegur og þjóð-



legur fróðleikur tengdur því. Nánast öllu landinu hafa verið gerð skil. Árbækurnar eru því efnisrík Íslandslýsing á um tuttugu þús-

und blaðsíðum sem hefur fyrir löngu sannað gildi sitt sem traust uppspretta upplýsinga.



**FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS**

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Árþing HSH haldið í Klifi



Árþing HSH, Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu var haldið í félagsheimilinu Klifi 26. apríl síðastliðinn. Þar fóru fram hefðbundin þingstörf, Hjörleifur Kristinn Hjörleifsson var endurkjörinn formaður sambandsins en ásamt honum sitja Berglind Long, Garðar Svansson, Kristfríður Rós Stefánsdóttir og Laufey Bjarnadóttir í stjórn. Eins og venjan er voru viðurkenningar afhentar til íþróttafólks HSH 2021. Þá var Harpa Dögg Bergmann Heiðarsdóttir, hestaí-

þróttakona frá Grundarfirði, kjörin Íþróttamaður HSH og Hestaíþróttamaður HSH 2021. Bjartur Bjarni Barkarson, sem spilar með Víking var kjörinn Knattspyrnumaður HSH og Pétur Már Ólafsson úr Skotgrund var Skotíþróttamaður HSH. Körfuknattleiksmaður HSH 2021 var Rebekka Rán Karlsdóttir sem spilar með Snæfell og stjórn meistaraflokks Víking hlaut titilinn Vinnuþjarkur HSH.


sj

Getraunir 1x2

Það voru nokkrir getspakir, sem fylltu út getraunaseðla hjá okkur í Áttagastofunni síðasta laugardag. Nokkrir voru til að mynda með 12 rétt úrslit og held ég að þeir hafi flestir vanmetið Crystal Palace! Einn bæjarbúi lagði leið sína til okkar í fyrsta sinn í vetur og talaði um að hann hefði ætlað að koma fyrr, en alltaf gleymt sér við eitthvað annað. Viðkomandi keypti seðil með sjálfvali, sagðist ekkert vit hafa á enska boltanum, héldi bara með Liverpool. Þegar

upp var staðið var hann með 13 rétta og upphæðin, sem hann lagði undir rúmlega tífaldaðist. Til stendur að byrja aftur um miðjan ágúst þegar enski boltinn fer aftur af stað. Það verður örugglega auglýst, þegar þar að kemur. Þökkum öllum þeim sem tóku þátt í fasta seðlinum (14 aðilar) og einnig öllum þeim, sem komu í Áttagastofuna og styrktu starfið hjá Víkingi með því að kaupa nokkrar raðir. Sjá umst í haust.

Áfram Víkingur.



JÖKULL

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Nýsköpunar- og frumkvöðlabraut í FSN

Í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er Nýsköpunarnýsköpunar- og frumkvöðlabraut skemmtileg nýjung sem nemendur hafa möguleika á að velja. Námi á nýsköpunarbraut er ætlað að veita nemendum góða og almenna undirstöðuþekkingu í bóklegum og verklegum greinum með áherslu á nýsköpun og tækni. Í námi sínu til-einka nemendur sér mismunandi nálgun við lausn ýmissa verkefna og temja sér gott verkleg sem og skapandi og listræn vinnubrögð. Brautin að því leyti að hefur sérstöðu miðað við aðrar brautir að því leyti að nemendur geta valið sér marga áfanga af öðrum brautum. Þessar fjölmörgu valeiningar (52 talsins), gefa nemendum mikið svigrúm til þess að stunda eins fjölbreytt nám og þeim hagnast.

Námið er hannað og skipulagt eftir hugmyndafræði nýsköpunarmentnar. Unnið er eftir viðurkenndum ferlum og innihaldi viðskiptaáætlana. Viðfangsefni nemenda eru unnin í samstarfi og tengingu við atvinnulífið - meðal annars með gestafyrirlesurum og vettvangsheimsóknum í fyrirtæki. Nemendur eru virkjaðir í skapandi vinnubrögðum og vinna með hugmyndir sínar á fjölbreyttan og raunhæfan máta. Að námi loknu hafa þau öðlast færni til þess að hagnýta þau verkfæri sem þeir hafa öðlast til þess að takast á við áskoranir atvinnulífsins. Nýsköpunar- og frumkvöðla-

mennt er skapandi nám þar sem nemendur fá frelsi til að vinna með eigin hugmyndir á sama tíma og þau eru þjálfuð í viðurkenndum vinnubrögðum og verkferlum.

Fjölbrautaskóli Snæfellinga og Jóhann Jón Ísleifsson hófu samstarf í janúar 2022 við skipulagningu og uppsetningu námsbrautarinnar og stefnan er að auka samstarfið á næstu misserum. Jóhann Jón (Jonni) hefur unnið að nýsköpun í gegnum tíðina og starfað með og hjálpað fjölmörgum fyrirtækjum. Jonni kemur inn í nýsköpunarteymið með þeim Gunnlaugi Smárasyni og Lofti Árna Björgvinsyni kennurum við FSN og tengir þannig saman fræðin og þekkingu úr atvinnulífinu. Gunnlaugur og Loftur komu nýsköpunar- og frumkvöðlabrautinni á laggirnar í FSN síðasta haust og hafa fengið Jonna til liðs við sig til að auka þekkingu og styrkja brautina.

Í lokaverkefnavíku, sem fór fram dagana 9. – 13. maí, fengu nemendur í nýsköpun heimsókn frá „vini“ brautarinnar honum Karli Guðmundssyni forstjóra Florealis. Karl hélt tölu fyrir nemendur og gesti ásamt því að fylgjast með kynningu nemenda sem eru að klára sinn fyrsta áfanga í nýsköpun við FSN.

Florealis er íslenskt lyfjafyrirtæki sem býður upp á úrval skráðra jurta-lyfja og lækningavara sem byggja á



Fjölbrautaskóli Snæfellinga var fyrsti framhaldsskólinn til að bjóða upp á Raffþróta áfanga.

virikum náttúruafnum. Við styðjum- Stutt er við meðhöndlun sjúkdóma á borð við kvíða, svefntruflanir, mígreni og gigt. Allt eru þetta algengir sjúkdómar sem skorta fjölbreyttari meðferðarúrræði. Florealis hefur sett níu vörur á markað á síðustu árum. Vörurnar okkar eru fánlegar í öllum apótekum á Íslandi og fjölmörgum apótekum í Svíþjóð. Allar vörur frá Florealis eru skráðar og viðurkenndar hjá lyfjafyrirvöldum á öllum Norðurlöndunum.

Karl gaf nemendum góð ráð inn í framtíðina:

„Til að skapa eitthvað nýtt þarf að taka áhættu og oftast verða fjölmörg mistök á leiðinni. En mörgum mistökum er hægt að sneiða hjá með góðum undirbúningi og að prófa sig áfram og draga þannig úr áhættu. Það er frábært fyrir ungt fólk með áhuga á nýsköpun að fá raunveruleg verkefni og tilsögn í frumkvöðlafræðum. Það eru tækifæri allt í kringum okkur og með aukinni þjálfun er hægt að koma auga á tækifærin, undirbúa hvernig á að nýta þau og átta sig á hvar áhættan liggur.“

Það er mikilvægt fyrir Fjölbrautaskóla Snæfellinga að eiga í góðu samstarfi við atvinnulífið í nærumhverfinu og mun skólinn óska eftir samstarfi og heimsóknum við fyrirtæki á Snæfellsnesi þegar fram líða stund-

ir og einnig er mikilvægt að tengjast Svæðisgarðinum okkar og vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum þáðan, það má taka undir með Karli að tækifærin eru út um allt. Áfram mun skólinn vikka út sjóndeildarhringinn og starfa með fyrirtækjum eins og Florealis, Bioeffect og Controlant auk þess að fara í heimsókn í stórfyrirtækið Marel.

Hugmyndir nemenda voru áhuga-verðar og það verður mjög spennandi að sjá og styðja þá í að vinna þar áfram, áframhaldandi vinnu og hver veit nema að þarna hafi orðið til sproti að nýju fyrirtæki sem skapar störf og verðmæti hér í okkar nærumhverfi en það er einmitt eitt af markmiðum með brautinni. Að kenna viðurkenndar aðferðir við að fá hugmyndir og þróa þær áfram svo þær geti orðið grunnur að árangursríku tækifæri.

Nám við Fjölbrautaskóla Snæfellinga er leiðsagnarnám sem gengur út á að nemendur fá leiðsögn eftir hvert verkefni og vinna jafnt og þétt yfir önnina. Skólinn býður upp á alla áfanga í stað- og fjarnámi. Skólinn hefur gott orðspor á sér í fyrir að vera persónulegur og með að nemendur hafi gott aðgengi að kennurum.

Gunnlaugur Smárason
Kennari
Fjölbrautaskóla Snæfellinga



Karl Guðmundsson forstjóri Florealis segir frá mikilvægi nýsköpunar og samtalið við nærumhverfið.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700

www.fmis.is





Háskólaestin í Grundarfirði

LAUGARDAGINN 28. MAÍ KL. 12 TIL 16



Fjör og fræði fyrir alla fjölskylduna!

Vísindaveisla í Fjölbrotaskóla Snæfellinga.

- Frábærar tilraunir
- Dularfullar efnablöndur
- Óvæntar uppgötvunar
- Undraheimar Japans
- Prautir og áskoranir
- Leikur með ljós og hljóð
- Vindmyllur og vængir
- Og fjölmargt annað

Verið hjartanlega velkomin
— enginn aðgangseyrir



Nánar á www.haskolalestin.hi.is

GARÐSLÁTTUR SUMARIÐ 2022

Líkt og undanfarin ár býður Grundarfjarðarbær fólki 67 ára og eldri og þeim sem búa við örorku niðurgreidda þjónustu við garðslátt í sumar.

Sækja þarf um garðslátt með því að senda tölvupóst á grundarfjordur@grundarfjordur.is eða hringja í síma 430-8500 á opnunartíma skrifstofu kl. 10:00-14:00 virka daga.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2022

Ekki verður tekið við umsóknum eftir þann tíma.

Gjaldskrá og reglur fyrir garðslátt má nálgast á Grundarfjordur.is



Grundarfjarðarbær

Ljósleiðaraheimilum fjölgar

Míla hefur undanfarið unnið að lagningu ljósleiðara til heimila víðsvegar um landið. Er þetta gríðarlega umfangsmikið verkefni og reiknar fyrirtækið með að það muni taka nokkur ár að ljúka því. Dreifbýli í bæði Grundarfirði og Snæfellsbæ hefur verið tengt ljósleiðara í nokkur ár ásamt hluta úr þéttbýli Snæfellsbæjar. Heimili í þéttbýli Grundarfjarðar og þau sem eiga eftir að fá í Snæfellsbæ bíða því eftir að röðin komi að sér en búið er að tengja um 113 heimili í þéttbýli Snæfellsbæjar.

Nú er komið að því að hefjast handa við lagningu til hluta þeirra

heimila sem eftir standa og er áætlað að 94 heimili í Grundarfirði og nokkur fyrirtæki munu eiga kost á að tengjast ljósleiðaranum. Sömuleiðis er áætlað að tengja 52 heimili í Ólafsvík, 15 á Hellissandi og hafnarsvæðið á Rifi. Á heimasíðu Snæfellsbæjar og Grundarfjarðarbæjar má sjá nánari útlistun á þeim heimilum sem hafa kost á að tengjast ljósleiðara í ár. Gerir Míla ráð fyrir að það muni taka nokkur ár að ljósleiðaravæða öll heimili í þéttbýli Grundarfjarðarbæjar og Snæfellsbæjar og er áætlað að verkefninu verði að mestu lokið árið 2024.

sj

